

Því dæmist rétt vera:

Afryjandi Bjarni Jónsson greiði sekt í landssjóð 100 kr., eða sæti 20 daga einföldu fangelsi, sé sektin öll eigi greidd í tæka tíð. Að öðru leyti skal bæjarþingsdóminum óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 7/1913:

Viggo Jónsson

gegn

Einari M. Jónassyni.

#### D ó m u r :

Með dómi bæjarþingsréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 8. ágústm. f. á., var hinn stefndi Einar M. Jónsson dæmdur til að greiða afryjanda, Viggo Jónssyni, skuld að upphæð 375 kr. með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1911 til borgunardags, og málskostnað með 20 kr. Dómi þessum hefir nefndur Viggo Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 18. júní þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði staðfestur í öllum greinum og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu. Á hinn bóginn hefir Einar M. Jónasson gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 10. febr. þ. á., og virðast réttarkröfur hans vera þær, að málinu verði vísað frá rétti (undirrétti) sem of snemma höfðuðu, eða að dómmin-

um verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum áfryjanda; svo krefst hann og málskostnaðar að skaðlausu fyrir báðum réttum.

Með skuldabréfi dags. 20. desbr. 1911 viðurkennir stefndi, að hann skuldi áfryjanda 575 kr., auk vaxta, er hvorttveggja verði greitt um eða eftir nýár 1912. Þar sem skuldin þannig samkvæmt loforði stefnda sjálfs átti að greiðast með ársbyrjun 1912, var hennar eigi krafist of snemma af hálfu áfryjanda, og kemur því eigi til mála að gefa frávisunarkröfu stefnda nokkurn gaum, er eingöngu styðst við það, að málið hafi verið of snemma höfðað. En sýkunar krefst stefndi með skýrskotun til þess, að hann hafi eignast skuldakröfu á hendur áfryjanda, að upphæð 623 kr. 69 aura. Skýrir stefndi svo trá, að áfryjandi hafi átt skuld þessa hjá nafngreindum manni á Mjóafirði eystra, en hafi afhent sér hana með skriflegu afsali 18. júlí 1911, en skuldin hefir reynst ónýtt eða ófáanleg, og þykist stefndi því nú geta krafist áfryjanda um þessa upphæð. En krafa þessi hefir alls ekki komið fram fyrir undirréttnum, þótt áfryjandi virðist hafa haft nægan tíma og tækifæri til þess að koma henni þar inn í málið. Það verður því ekkert tillit tekið til hennar nú fyrir yfirdóminum, og með því að stefndi hefir eigi aðrar varnir í málinu en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, verður eigi hjá því komist að taka kröfu áfryjanda til greina, og staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 20 krónur.



Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Stefndi Einar M. Jónasson greiði áfrýjanda Viggo Jónssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dómnum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 10/1913

Guðmundur Jónasson  
gegn  
Kristjáni Böving.

D ó m u r :

Áfrýjandinn Guðmundur Jónasson, fyrverandi kaupmaður í Frakkanesi, höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Dalasýslu gegn hinum stefnda, cand. pharm. Kristjáni Böving, til þess að fá hann dæmdan til sekta eða fangelsis fyrir að hafa breytt út um sig og bókað fyrir rétti ærumeiðandi óhróður, en málinu var með dómi réttarins 14. sept. f. á. vísað frá gestaréttinum og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda í kost og tæring 5 krónur.

Þessum dómi hefir Guðmundur Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 29. jan. þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til nýrrar dómsáleggingar að efninu til og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að